

**Alþingi**  
**Atvinnuveganefnd**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Egilsstöðum, 13. mars, 2018

**Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) mál 179,  
þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu  
flutningskerfis raforku.**

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. SSA tekur undir þau almennu atriði sem koma fram í fyrstu liðum tillögunnar, þ.e. að flutningskerfi raforku sé hluti af grunninnviðum samfélagsins með sambærilegum hætti og samgöngu- og fjarskiptainnviðir og ein af mikilvægum forsendum fjölbreyttrar atvinnu- og byggðapróunar.

Það er afstaða SSA að trygg afhending raforku skipti meginmáli fyrir íbúa og atvinnulíf og forsenda þess að atvinnulíf geti eflst á svæðinu, þ.m.t. ferðaþjónusta sem er ekki síður háð öruggu rafmagni en rótgrónari atvinnugreinum eins og landbúnaði, útgerð og iðnaði.

SSA telur mikilvægt atriði sem kemur fram í 9. grein að gert sé ráð fyrir heildstæðu mati á kostum þegar framkvæmd í flutningskerfi tekur til fleiri en eins sveitarfélags.

Skýra þarf hvað átt er við með hálandi í 4. grein þar sem segir að ekki skuli ráðist í línulagnir yfir hálandið.

Það er von Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að með tillögu þessari náist meiri sátt um uppbyggingu flutningskerfis raforku á landinu. Það skiptir miklu fyrir byggðir landsins.

F.h. stjórnar SSA,

Jóney Jónsdóttir  
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála



1966-2016